

að sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. þessara laga, frá árslokum 1996 til söluárs, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði sem sjálfseignarstofnun hefur eignast samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996 ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins í árslok 1996 að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 61

26. maí 2001

LÖG

um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 2. og 3. mgr. og orðast svo:

Fasteignamat ríkisins getur að eigin frumkvæði endurmetið einstakar eignir í því skyni að tryggja samræmt mat hliðstæðra eigna.

Berist beiðni um endurmat fasteignar frá öðrum en eiganda og Fasteignamat ríkisins telur ástæðu til breytinga skal eiganda tilkynnt um þá breytingu sem fyrirhugað er að gera á fasteignamati. Vilji eigandi ekki una þeirri breytingu skal veita honum a.m.k. fjögurra vikna frest til að tilkynna það með sannanlegum hætti til Fasteignamats ríkisins. Að öðrum kosti tekur breytt fasteignamat gildi að liðnum fresti.

2. gr.

2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Málsmæðferð samkvæmt þessari grein og endurmat einstakra eigna skal fara eftir 31. gr. laganna.

3. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Skráðu matsverði fasteigna skal breytt í Landskrá fasteigna í samræmi við framangreinda stuðla og skal það verð talið fasteignamatsverð frá og með 31. desember til jafnlengdar næsta ár nema sérstakt endurmat komi til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Geir H. Haarde.***LÖG****um breytingu á mörkum Suðvesturkjördæmis
og Reykjavíkurkjördæma suður og norður.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk Suðvesturkjördæmis og Reykjavíkurkjördæma suður og norður í suðurhlíðum Úlfarsfells skulu ákvarðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

| Nr. | x-hnit | y-hnit |
|-----|-------------|-------------|
| 1 | 11986 . 4 | 18379 . 1 |
| 2 | 11399 . 400 | 18304 . 730 |
| 3 | 10759 . 351 | 18088 . 672 |
| 4 | 10539 . 402 | 18015 . 490 |
| 5 | 10418 . 802 | 17972 . 124 |
| 6 | 10288 . 693 | 17930 . 731 |
| 7 | 10280 . 431 | 17928 . 559 |
| 8 | 9938 . 844 | 17813 . 095 |
| 9 | 9928 . 809 | 17810 . 086 |
| 10 | 9467 . 337 | 17654 . 857 |
| 11 | 9884 . 968 | 17333 . 835 |
| 12 | 9936 . 344 | 17382 . 371 |
| 13 | 9997 . 587 | 17338 . 628 |
| 15 | 10056 . 334 | 17210 . 640 |
| 16 | 10147 . 194 | 17211 . 753 |
| 17 | 10150 . 204 | 17211 . 800 |
| 18 | 10150 . 340 | 17211 . 790 |
| 19 | 10149 . 570 | 17172 . 490 |
| 20 | 10155 . 193 | 16723 . 559 |
| 21 | 10172 . 083 | 16718 . 634 |
| 22 | 10182 . 636 | 16717 . 792 |
| 23 | 10207 . 610 | 16727 . 920 |
| 24 | 10229 . 695 | 16723 . 766 |